


## 6. Endurfæðing manns

Eftir að hafa endurfæðst þarf hinn trúaði að taka skírn (Mark. 16:16). Þar með hefst ævilangt ferli þar sem Guð breiðir, smátt og smátt, Sjálfum Sér sem lífi út frá anda hins trúaða yfir í sál hans (Ef. 3:17). Þetta ferli, sem kallast umbreyting, (Róm. 12:2) útheimtir samvinnu Guðs og manns (Fil. 2:12). Hinn trúaði leggur sitt af mörkum með því að leyfa Drottni að fylla sál sína uns allar langanir, hugsanir og ákvarðanir hans verða eitt með Kristi. Að endingu, þegar Kristur snýr aftur, mun Guð að fullu metta líkama hins trúaða með lífi Sínu. Þetta nefnist að verða dýrðlegur (Fil. 3:21). Í stað þess að vera tómur og laskaður á alla vegu er maður fylltur og mettaður af lífi Guðs. Þetta er full frelsun Guðs. Slíkur maður tjáir og birtir Guð og uppfyllir áform Guðs.



© 2024 Living Stream Ministry


# Leyndardómur mannlegs lífs

„Þá sagði Guð: „Vér viljum gera manninn eftir vorri mynd, líkan oss.“  
1.Móse 1:26

Hefur þú einhvern tímann velt fyrir þér af hverju þú lifir í þessum heimi og hver tilgangurinn er með lífi þínu? Það eru sex lykjar sem ljúka upp þessum leyndardómi.

## 1. Áform Guðs

Guð vill tjá og birta Sig Sjálfan í gegnum mann (Róm. 8:29). Til þess skapaði Hann mann í sinni mynd (1.Mós. 1:26). Rétt eins og hanski hefur mynd handar til að innihalda hönd er maður líka skapaður í mynd Guðs til þess að innihalda Guð. Með því að meðtaka Guð sen sitt innihald getur maður tjáð og birt Guð (2.Kor. 4:7).




## 2. Maður

Til þess að uppfylla áform Síns skapaði Guð mann sem ker (Róm. 9:21-24). Þetta ker skiptist í þrjá hluta: líkama, sál og anda (1.Þess. 5:23). Líkaminn er í snertingu við og tekur á móti því sem tilheyrir hinum efnislega heimi. Sálin, það sem tilheyrir huganum, er í snertingu við og tekur á móti því sálræna. Og mannsandinn, innsti hluti manns, var gerður til að vera í snertingu við og taka á móti Guði Sjálfum (Jóh. 4:24). Maður var ekki aðeins skapaður til að fylla maga sinn mat eða huga sinn þekkingu heldur til að meðtaka Guð í anda sinn (Ef. 5:18).

### 3. Fall manns

En áður en maður gat tekið á móti Guði sem lífi í anda sinn kom syndin inn í hann (Róm. 5:12). Syndin deyddi anda hans (Ef. 2:1), gerði hann óvinveittan Guði í huga sínum (Kól. 1:21) og umbreytti líkama hans í syndugt hold (1.Mós. 6:3; Róm. 6:12). Þannig skaðaði syndin alla þrjá hluta manns og gerði hann afhuga Guði. Í þessu ástandi gat maður ekki tekið á móti Guði.


### 4. Guð útteilir endurlausnarverki Krists



Fall manns hindraði Guð þó ekki í því að uppfylla áform Sínum. Til þess að ljúka áformum Sínum kom Guð fyrst í heiminn sem maður sem hét Jesú Kristur (Jóh. 1:1, 14). Því næst lét Kristur lífið á krossinum manni til endurlausnar (Ef. 1:7) og hreinsaði hann þannig af synd og færði hann aftur til Guðs (Jóh. 1:29; Ef. 2:13). Í upprisunni varð Hann loks að líf-gefandi Anda svo Hann gæti útteilt órannsaknlegum ríkdómi Sínum í anda manns (1.Kór. 15:45b; Jóh. 20:22; 3:6).

### 5. Endurfæðing manns

Með iðrun og trú tekur maður



Þar sem Kristur er orðinn líf-gefandi Andi getur maður nú tekið á móti lífi Guðs í anda sinn. Í Biblíunni nefnist þetta endurfæðing (1.Pét. 1:3; Jóh. 3:3). Til þess að taka á móti þessu lífi þarf maður að iðrast til Guðs og trúna á Drottin Jesú Krist (Post. 20:21; 16:31).

Til að endurfæðast, þarf maður einfaldlega að koma til Drottins með opið og einlægt hjarta og segja við Hann:

*Drottinn Jesús, ég hef syndgað.*

*Ég þarfnast Þín.*

*Ég þakka Þér fyrir að hafa dáið fyrir mig.*

*Drottinn Jesús, fyrirgefðu mér.*

*Hreinsaðu mig af öllum mínum syndum.*

*Ég trúi á upprisu Þína.*

*Ég tek á móti Þér hér og nú sem Frelsara mínum og lífi.*

*Komdu inn í líf mitt. Fylltu mig af Þínu lífi.*

*Drottinn Jesús, Þér fel ég mig og Þínum tilgangi.*